

**557. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 9.
júni 2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ),
aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir
(LM), aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir (BEE), aðalmaður, Ólafur Þór
Ólafsson (ÓÞÓ), embættismaður, .

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og biðst afsökunar á mistökum sem urðu
til þess að fundarboð birtist ekki á heimasíðu. Ekki var var gerð athugasemd
við fundarboðunina og oddviti lýsir því fund 557 lögmætan.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að mál fundargerð 37. fundar
Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefndar, sem er með málsnúmer
2006001F verði tekin á dagskrá og varð það samþykkt.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2019 og endurskoðun - 2002172

Síðari umræða um ársreikning ársins 2019.

*Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um kr. 26.350.000 en áætlun með viðaukum
gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um kr. 5.508.000. Samanlögð rekstrarniðurstaða A
og B hluta er neikvæð um kr. 13.372.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að
hún yrði neikvæð um kr. 5.697.000.
Reikningar eru samþykktir samhljóða.*

2. Fulltrúaráð Vestfjarðastofu - 2005151

Tilnefning aðal- og varamanns í fulltrúaráð Vestfjarðastofu.

*Samþykkt samhljóða að Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri, verði aðalmaður í
fulltrúaráði Vestfjarðarstofu og Guðni Ólafsson verði varamaður.*

**3. Samstarfssamningur Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks -
2005138**

Uppfærður samstarfssamningur aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða
lagður fram til staðfestingar.

*Samstarfssamningurinn er samþykktur samhljóða og sveitarstjóra falið að rita undir
hann fyrir hönd sveitarfélagsins.*

4. Hjúkrunarheimili á Patreksfirði - 2005045

Í framhaldi af upplýsingafundi sem fór fram 28.05.2020 er óskað eftir afstöðu

Tálknafjarðarhrepps til verkefnisins.

Sveitarstjórn hefur að vel athuguðu máli ákveðið að taka ekki þátt í verkefninu en óskar Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Vesturbyggð alls velfarnaðar í uppbyggingunni.

Samþykkt samhljóða.

5. Ósk um að kynna verkefni mitt Listasmiðjur með listamönnum úr heimabyggð - 2006237

Birna Hannesdóttir kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti verkefnið "Listasmiðjur með listamönnum í heimabyggð".

Sveitarstjórn fagnar góðu framtaki og óskar aðstandendum verkefnisins til hamingju með styrkinn úr Barnamenningsjóði.

6. Stuðningur við fráveituframkvæmdir - drög að umsögn - 2005132

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 15.05.2020 um frumvarp um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn fagnar frumvarpinu og mun fylgjast vel með framgangi þessara mála.

7. Bréf EFS til sveitarstjórna - 2005126

Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 14.05.2020 varðandi Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19 lagt fram til kynningar.

Jafnfram er lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitastjórnaráðherra sama efnis dags. 25.05.2020.

Lagt fram til kynningar.

8. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2020 - 2005035

Yfirlit yfir úthlutun úr Endurmenntunarsjóðs grunnskóla árið 2020 lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

9. Ársreikningur 2019 Náttúrustofu Vestfjarða - 2005135

Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2019 lagður fram til kynningar ásamt boði á ársfund Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 29.05.2020.

Lagt fram til kynningar.

10 Ársreikningur 2019 Hafnasamband Íslands - 2005121

Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2019 lagður fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

11 Frisbígolf á Tálknafjörð - 2006229

Kynning Íslenska frísbíggólsambandsins á frísbíggólvöllum dags. 05.06.2020 lögð fram til kynningar.

Vísað til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2021.

12 Skattspor Arnarlax 2019 - 2005129

Skattspor samstæðu Arnarlax árið 2019 lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

13 Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf 2020 Ársreikningur 2019 - 2005205

Bréf frá framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna hf. dags. 26.05.2020 lagt fram til kynningar þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem fer fram 11.06.2020.

Lagt fram til kynningar.

14 Ársreikningur 2019 Vestfjarðarstofa - 2005143

Ársreikningur Vestfjarðarstofu fyrir árið 2019 lagður fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

15 Húsvernd átak í húsvernd - 2005092

Erindi frá minjaverði Vesturlands fyrir hönd Minjastofnunar Íslands dags. 11.05.2020 lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

16 Ársfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða - fundarboð - 2005169

Boð á ársfund Starfsendurhæfingar Vestfjarða dags. 25.05.2020 lagt fram til kynningar. Ársfundurinn fer fram 09.06.2020.

Lagt fram til kynningar.

17 Virðisaukaskattur. Minnisblað vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu. - 2005191

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26.05.2020 lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

18 Fundarboð aðalfundar - 2003363

Bréf frá framkvæmdastjóra Lánasjóðs sveitarfélaga, þar sem boðað er til aðalfundar, lagt fram til kynningar. Aðalfundurinn fer fram 12.06.2020.

Lagt fram til kynningar.

19 Átak í fráveitumálum - upplýsingar til sveitarstjórna - 2006265

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku dags. 02.06.2020 lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

20 Byggðakvóti 2019-2020 - 1910550

Auglýsing sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nr. 463/2020 útgefin 20.05.2020 um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra varðandi staðfestingu á reglum sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fiskveiðiárið 2019/2020. Ákvörðun hans gengur þvert gegn einróma ákvörðun sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps þar sem ákveðið var að falla frá vinnsluskyldu byggðakvóta sveitarfélagsins til að gera fleiri útgerðum kleift að nýta sér byggðakvótann til að efla atvinnu í sveitarfélaginu. Einnig vekur furðu að mörg önnur sveitarfélög skuli ekki þurfa að uppfylla vinnsluskyldu byggðakvóta eins og útgerðir í Tálknafirði þurfa að gera og geta þannig úthlutað sínum byggðakvóta án þess að hafa samning við vinnslur í sínum nágrannabyggðalögum eins og Tálknfirðingum er skylt að gera.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps krefst þess að ráðherra gefi skýringar á þessari mismunun sveitarfélaga sem að okkar dómi brýtur í bága við jafnræðisreglur stjórnarsýslunnar. Sveitarstjórnin telur jafnframt að með þessari ákvörðun ráðherra hafi sjálfsákvörðunarréttur Tálknafjarðarhrepps verið virtur að vettugi og einróma ákvörðun sveitarstjórnar hunsuð.

Sveitarstjóri hefur umboð til að skjóta málinu til umboðsmanns Alþingis berist ekki rökstudd svör frá ráðuneytinu innan tilskilins frests.

Samþykkt samhljóða.

21 Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Á fundinum var lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi stöðu verkefna.

Lagt fram til kynningar.

22 Fundargerðir 2020 og ársreikningur 2019 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2002272

Fundargerð 128. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis, sem fór fram 28.05.2020, lögð fram til kynningar. Jafnramt er lögð fram Árskýrsla nefndarinnar fyrir árið 2019.

Lagt fram til kynningar.

23 Fundargerðir 2020 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2004669

Fundargerð 129. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða, sem fór fram 14.05.2020, lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

24 Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu - 2003304

Fundargerð 26. stjórnarfundar Vestfjarðarstofu, sem fór fram 07.05.2020, lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

25 Fundargerðir 2020 Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2003389

Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga nr. 57 frá 26.03.2020 og nr. 58 frá 08.05.2020 lagðar fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

26 Fundargerðir 2020 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2002160

Fundargerð 884 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem fór fram 20.05.2020, lögð fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi kl. 21:15.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.
